

**TILLAGA****Viðtakandi:** Velferðarráð**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs**Efni tillögu: *Hækkun tekju- og eignamarka í reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning***

Lagt er til að samþykkt verði hækkun tekjumarka sem fram koma í 5. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning, afturvirkir frá 1. janúar 2024, sem hér segir:

Fjöldi heimilis- Fólks	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	5.690.772	7.113.465	474.231	592.789
2	7.526.505	9.408.131	627.209	784.011
3	8.811.518	11.014.398	734.293	917.866
4 eða fleiri	9.545.812	11.932.265	795.484	994.355

Jafnframt er lagt til að samþykkt verði að eignamörk samkvæmt 6. tl. 1. mgr. 3. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning verði hækkuð úr 7.158.000 kr. í 7.745.000 kr. og gildi afturvirkir frá 1. janúar 2024.

Kostnaður vegna tillögunnar rúmast innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Greinargerð:***Hækkun tekjumarka sérstaks húsnæðisstuðnings***

Þann 1. janúar 2024 tók gildi breyting á reglugerð nr. 1200/2016 um húsnæðisbætur. Í breytingunum fólst að frítekjumörk vegna húsnæðisbóta hækkuðu um 5,6%.

Lagt er til að samþykkt verði breyting á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning á þann veg að fjárhæðir tekjumarka samkvæmt 5. gr. reglnanna verði jafnframt hækkuð um 5,6% og breytingin taki gildi þann 1. janúar 2024 til samræmis við breytingar á reglugerð nr. 1200/2016 um húsnæðisbætur.

Núgildandi tafla varðandi tekjumörk í 5. gr. er svohljóðandi:

Fjöldi heimilis- Fólks	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	5.388.983	6.736.228	449.082	561.352
2	7.127.364	8.909.204	593.947	742.434
3	8.344.232	10.420.289	695.353	869.191
4 eða fleiri	9.039.585	11.299.480	753.299	941.623





Lagt er til að tafla varðandi tekjumörk 5. gr. verði svohljóðandi:

Fjöldi heimilis- Fólks	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	5.690.772	7.113.465	474.231	592.789
2	7.526.505	9.408.131	627.209	784.011
3	8.811.518	11.014.398	734.293	917.866
4 eða fleiri	9.545.812	11.932.265	795.484	994.355

Hækkun eignamarka sérstaks húsnæðisstuðnings

Þegar reglur um sérstakan húsnæðisstuðning voru upphaflega samþykktar var gert ráð fyrir að eignamörk væru þau sömu og þau mörk sem sett eru fyrir leigjendur Félagsbústaða enda er stór hluti þeirra sem fá sérstakan húsnæðisstuðning að leigja hjá Félagsbústöðum. Lagt er til að eignamörk hækki til samræmis við eignamörk í reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði en tillaga um slíkt var samþykkt í velferðarráði þann 7. febrúar 2024 og í borgarráði þann 14. febrúar 2024. Eignamörkin miða við reglugerð 1342/2020 um ráðstöfun leiguíbúða skv. 37. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998 en þann 1. janúar 2024 voru eignamörk samkvæmt reglugerðinni hækkuð úr 7.158.000 kr. í 7.745.000 kr.

Lagt er til að samþykkt verði breyting á 6. tl. 1. mgr. 3. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning á þann veg að samanlagðar eignir umsækjanda og annars heimilisfólks séu ekki hærri en 7.745.000 kr. Lagt er til að breytingin taki gildi frá 1. janúar 2024.

Núgildandi 6. tl. 1. mgr. 3. gr. er svohljóðandi:

Samanlagðar eignir umsækjanda og annars heimilisfólks, 18 ára og eldra, á síðastliðnu ári séu ekki hærri en 7.158.000 kr.

Lagt er til að 6. tl. 1. mgr. 3. gr. verði svohljóðandi:

Samanlagðar eignir umsækjanda og annars heimilisfólks, 18 ára og eldra, á síðastliðnu ári séu ekki hærri en 7.745.000 kr.

Heildaráætlun ársins 2024 fyrir sérstakan húsnæðisstuðning er 1.677 m. kr. og gert er ráð fyrir að hækkunin rúmist innan fjárheimilda velferðarsviðs.

